

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2024

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (rekstraröryggi greiðslumiðlunar). 662. mál

Neytendasamtökin lýsa yfir ánægju með framkomið frumvarp um að styrkja heimildir Seðlabanka Íslands til að efla viðnámsþrótt greiðslumiðlunar og til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða sem efla öryggi og virkni í innlendri greiðslumiðlun.

Líkt og fram kom í umsögn samtakanna um Samráðsgátt um málið (nr. S-124/2023) í júní 2023 er það mikið hagsmunamál fyrir neytendur að greiðslumiðlun gangi snurðulaust fyrir sig og helst þannig að almenningur þurfi aldrei að huga að henni. Við lagasetningu um innlenda greiðslumiðlun telja Neytendasamtökin að leggja eigi sérstaka áherslu á að hún verði ódýr og örugg, að skjót úrræði varðandi ágreiningsmál verði tryggð og að öllum verði tryggður aðgangur að greiðslumiðlun óháð fjárhagsstöðu.

Tryggja þarf að innlend smágreiðslumiðlun verði ódýr. Samfélagslegur kostnaður smágreiðslumiðlunar er tvöfalt hærri hér á landi en í Noregi, sé miðað við hlutfall af vergri landsframleiðslu, (*Kostnaður við smágreiðslumiðlun, Seðlabanki Íslands 2023*) og þrefalt dýrari en í Danmörku árið 2018 (*Fjármálainnviðir, Seðlabanki Íslands 2019*). Þessi aukni kostnaður skilar sér í hærra verði á vöru og þjónustu til íslenskra neytenda og jafngildir því að hver einasti Íslendingur greiði árlega um 100.000 kr. meira vegna greiðslumiðlunar en skandinavískir frændur vorir. Því er nauðsynlegt að lækka þennan kostnað og má í því skyni meðal annars líta til innlendra greiðslulausna í Danmörku (Dankort) og Noregi (BankAxept). Smágreiðslumiðlun þarf að vera valkvæð á sölustað, þó stuðla megi að notkun hennar með hnippingu (e.nudging), að því gefnu að hún sé raunverulega ódýrari, og að samburður við kostnað annarra greiðslukosta sé skýr og gegnsær.


Tryggja þarf öryggi innlendrar smágreiðslumiðlunar, að hún sé áreiðanleg og að úrlausnarleiðir séu greiðfærar neytendum. Að undanförmu hafa háar upphæðir verið færðar út af kortum og bankareikningum fólks án heimildar þeirra, og standast skuldfærslubeiðnir oft á tíðum ekki kröfur um sterka sannvottun. Þrátt fyrir það þarf fólk á tíðum að bíða í á annan mánuð til að endurheimta fé sitt, og marga mánuði, þurfi það að

leita til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Koma verður á fót úrlausnarleið, hvert neytendur geta leitað til að fá skjóta úrlausn allra sinna mála er varða ágreining í greiðslumiðlun. Líta má til skjótrar og góðra úrlausna Samgöngustofu í málefnum flugfélaga og þannig veita fjármálaeftirliti Seðlabankans úrskurðarvald í ágreiningsefnum í greiðslumiðlun. Gæta verður sérstaklega að því að standa vörð um og efla réttarvernd neytenda. Taka Neytendasamtökin í því undir áhersluatriði stefnu Evrópusambandsins í smágreiðslumiðlun, um neytendavernd og skjóta úrlausn mála, svo sem þegar mistök eða svik eiga sér stað.

Tryggja þarf jafnan aðgang að greiðslumiðlun óháð stétt og stöðu. Í því samhengi ber að líta til að ógerningur er að fá greiðslukort hafi fólk lent á vanskilaskrá og í allt að fjögur ár eftir að fólk er skráð af henni. Þó sjálfsagt megi takmarka ádráttarmöguleika fólks með sögu um vanskil, telja Neytendasamtökin nauðsynlegt að tryggja að öll, óháð vanskilaskráningu, hafi jafnan aðgang að greiðslumiðlun.

Samtökin lýsa sig að endingu reiðubúin til að funda með nefndarmönnum sé þess óskað.

F.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður